

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 70/2008

frá 6. júní 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2008 frá 25. apríl 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 8/2008 frá 11. desember 2007 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 að því er varðar sameiginlegar tækniröfur og stjórnsýslumeðferð sem gilda um flutningaflug ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32008 R 0008**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 8/2008 frá 11. desember 2007 (Stjtíð. ESB L 10, 12.1.2008, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 8/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 10, 12.1.2008, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.